

**FORSETABRÉF**

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

3

9. jan.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:*

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 67. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda þriðjudaginn 20. janúar 1948, kl. 13,30.

*Ritað í Reykjavík, 9. janúar 1948.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

**AUGLÝSING**

um samkomulag viðvíkjandi sölu nýrrar síldar til hernámssvæða Bandaríkja Ameríku og Stóra-Bretlands í Þýzkalandi.

4

22. jan.

Hinn 8. janúar 1948 var í London undirskrifað samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands annars vegar og ríkisstjórna Bandaríkja Ameríku og Stóra Bretlands hins vegar, um sölu nýrrar Faxaflóa vetrarsíldar 1947/1948 til hernámssvæða þessara ríkja í Þýzkalandi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 22. janúar 1948.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Agnar Kl. Jónsson.*

**FORSETABRÉF**

um viðauka við forsetabréf frá 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu.

5

23. jan.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:*

Á eftir 13. gr. forsetabréfs frá 11. júlí 1944, um hina íslenzku fálkaorðu, kemur ný grein, er verður 14. gr., svo hljóðandi:

Þegar erlendur ríkisborgari er sæmdur stórriddarakrossi fálkaorðunnar með stjórnun, skal, eftir atvikum hverju sinni, afhenda honum stjórnuna og krossinn eða einungis stjórnuna.

- 5 Erlendur ríkisborgari, er hlotið hefur stórriddarakross, skal að jafnaði skila 23. jan. krossinum aftur, verði hann sæmdur stjórnun stórriddara.  
Ákvæði þessi gilda gagnvart borgurum ríkja, er þúa við svipaðar reglur.  
Greinatala fyrrnefnds forsetabréfs breytist samkvæmt framansögðu.

*Ritað í Reykjavík, 23. janúar 1948.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.*

6

2. febr.

## L Ö G

um tekjuskattsviðauka árið 1948.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1948 leggja á tekjur ársins 1947 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.

Af	9—10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. og	4 % af afgangi.
— 10—12 — — —	60	— —	10 — —	5 % — —
— 12—14 — — —	160	— —	12 — —	6 % — —
— 14—17 — — —	280	— —	14 — —	7 % — —
— 17—20 — — —	490	— —	17 — —	8 % — —
— 20—25 — — —	730	— —	20 — —	9 % — —
— 25—30 — — —	1180	— —	25 — —	10 % — —
— 30—40 — — —	1680	— —	30 — —	11 % — —
— 40—100 — — —	2780	— —	40 — —	12 % — —
— 100—125 — — —	9980	— —	100 — —	10 % — —
— 125—150 — — —	12480	— —	125 — —	7 % — —
— 150—200 — — —	14230	— —	150 — —	5 % — —
— 200 — — —	16730	— —	200 —	

#### 2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. febrúar 1948.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*